



Myllubakkaskóli

Sólvallagötu 6 a, 230 Reykjanesskáli

Sími: 420 1450

www.mylla@myllubakkaskoli.is

Reykjanesskáli 3. nóv. 2021

Fræðsluráð Reykjanesskálar

Efni: Beiðni um fjölgun starfsdaga

Ég, undirritaður, sækji hér með um leyfi til að fjölga starfsdögum í skóladagatali skólaársins 2021-2022. Óska eftir því að 15. og 16. nóvember verði þá starfsdagar.

Fjölgun starfsdaga er vegna fyrirhugaðra flutninga á nýjar starfsstöðvar í bænum, en rýma á Myllubakkaskóla.

Við teljum okkur þurfa tvo auka daga til að koma okkur fyrir á nýjum stöðum og skipuleggja skólastarfið því þessir flutningar hafa í för með sér miklar breytingar á skólastarfinu, þ.a.m. hópastærðum, list- og verkgreinum, íþróttum, matartíma, frímínútum o.fl.

Bendi máli mínu til stuðnings að í COVID-19 bylgjum var tvívegis gefin heimild til að bæta við starfsdegi en þá þurfti ekki að færa nemendur og starfsfólk í alveg ókunn húsnæði. Það er því um að ræða nokkurs konar skólastetningu.

Það hefur ekki náðst að fá skólaráð á fund vegna tímamarka en þau hafa verið upplýst um beiðni okkar.

Sé óskað eftir því þá get ég komið og rökstutt mál okkar enn frekar.

Virðingarfyllst
Hlynur Jónsson
aðstoðarskólastjóri og starfandi skólastjóri Myllubakkaskóla